


EFTIRLIT MEÐ MERKINGUM EFNAVARA 2011

Árið 2010 var unnið að verkefninu *Samræming efnavörueftirlits - gerð handbókar og vefgáttar fyrir gagnaskil*, og var það samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Meginmarkmið verkefnisins var að samræma efnavörueftirlit á landinu með því að fræða eftirlitsaðila og stuðla þannig að samskonar eftirliti um allt land. Með samræmdu eftirliti er tryggt að jafnræði gildi á markaði, þ.e. að sömu kröfur séu gerðar til samskonar fyrirtækja á öllu landinu og þannig stuðlað að öryggi allra landsmanna sem og umhverfi. Afurð verkefnisins var handbók um efnavörueftirlit sem var gefin út á rafrænu formi í október 2010 og vefgátt fyrir gagnaskil sem var tekin í notkun í febrúar 2011.

Markmiðið með vefgáttinni er að búa til upplýsingaveitu um efnavörueftirlit og safna þar á einn stað upplýsingum um eftirlit með efnavörum á Íslandi. Þar eiga heilbrigðisfulltrúar á öllu landinu að skrá upplýsingar um niðurstöður efnavörueftirlits í gagnabanka. Vefgáttin er einnig lokaður samskiptavettvangur fyrir eftirlitsaðila og þar er hægt að nálgast upplýsingar um eftirlit frá öðrum HES-svæðum. Gagnabankinn nýtist síðan Umhverfisstofnun við að taka saman upplýsingar um eftirlit með efnavörum sem senda skal til ESA. Sjá 1. mynd.




1. mynd: Gagnabanki HES og UST.

Árið 2011 var notað til að kynna og prufukeyra vefgáttina. Fræðslufundur um hvernig nota á vefgáttina var haldinn þann 14. febrúar 2011 og var hann vel sóttur. Tvisvar sinnur var gerð tölfraðileg greining á innihaldi gagnabankans; fyrir fyrstu þrjá og sex mánuði ársins. Í bæði skiptin var send tilkynning með góðum fyrirvara til allra framkvæmdastjóra HES og heilbrigðisfulltrúa í efnavörueftirliti til að tryggja að öll gögn væru komin inn í gagnabankann. Niðurstöður fyrir fyrstu þrjá mánuðina voru kynntar í yfirlitsskýrslu sem send var til allra svæða og niðurstöður fyrir fyrstu sex mánuðina voru kynntar á Haustfundi. Í báðum tilvikum var horft á niðurstöðurnar með ákveðnum fyrirvara því tímabil tölfraðigreiningarinnar náði ekki yfir heilt ár.

Í þessari skýrslu eru teknar saman niðurstöður um eftirlit með merkingum efnavara fyrir allt árið 2011 og var tilkynnt með góðum fyrirvara að öll gögn yrðu að vera komin inn í gagnabankann fyrir 20. janúar 2012.

NIÐURSTÖÐUR

Árið 2011 var farið í 352 eftirlitsferðir þar sem merkingar á efnavörum skoðaðar, skv. upplýsingum úr gagnabanka. Á 2. mynd má sá hvernig fjöldinn skiptist niður á heilbrigðiseftirlitssvæði. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fór í langflestar ferðir, eða 217 (rúmlega 61%). Heilbrigðiseftirlitið á Austurlandi fór í næstflestar heimsóknir (63) og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis fór í 40 heimsóknir.




2. mynd: Fjöldi eftirlitsferða eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum.

Í vefgáttinni þarf að skrá inn tegund fyrirtækis og hvaða vöruflokkar eru skoðaðir. Á 3. og 4. mynd má sjá fjölda eftirlitsferða eftir tegund fyrirtækis og hvaða vöruflokkar voru skoðaðir árið 2011. Oft eru fleiri en einn vöruflokkur skoðaður í hverri eftirlitsferð og því er heildarfjöldi skoðaðra vöruflokka hærri en heildarfjöldi eftirlitsferða.




Eins og sjá má var oftast farið á hárgreiðslustofur (82 sinnum) og matvöruverslanir (58 sinnum). 38 sinnum var hakað við fyrirtækjaflokkinn „Önnur verslun með merkingarskyldar efnavörur“ en það er gert ef viðkomandi fyrirtæki passar ekki við neinn af þeim flokkum sem hægt er að velja úr.



3. mynd: Fjöldi eftirlitsferða eftir tegund fyrirtækis

Þegar vöruflokkarnir eru skoðaðir þá sést að oftast voru skoðaðar merkingar á snyrtivörum og þvotta- og hreinsivörum.




4. mynd: Vöruflokkar skoðaðir



Í vefgáttinni þarf að skrá viðbrögð við eftirlitinu, þ.e. spurt er hvort kröfur eru gerðar um úrbætur. Þar er um þrjá svarmöguleika að ræða sem má sjá hér að neðan og eru þeir útskýrðir nánar í handbók um efnavörueftirlit:

- **Já = kröfur gerðar um úrbætur innan ákveðins tíma og farið í eftirfylgniferð.**
- **Nei = Allt í finu lagi**
- **Nei, en athugasemdir gerðar = Engar kröfur um úrbætur, engin eftirfylgniferð.**

Eins og sést á 5. mynd þá voru gerðar kröfur um úrbætur eftir 58 eftirlitsferðir. Engar athugasemdir voru gerðar eftir 141 eftirlitsferð og en minniháttar athugasemdir, þar sem ekki þótti þörf á eftirfylgni, voru gerðar eftir 135 eftirlitsferðir.



5. mynd: Eru gerðar kröfur um úrbætur?



UMRÆÐA

Umhverfisstofnun er samræmingar- og fræðsluaðili heilbrigðiseftirlitsins í landinu samkvæmt núgildandi lögum, og er frumkvæðið að gerð handbókar um efnavörueftirlit og vefgáttar um gagnaskil viðleitni stofnunarinnar við að sinna þessum skyldum. Allt samsstarf við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna við þessa vinnu var gott og ánægjulegt að samnýta þekkingu hjá báðum þessum stjórnvöldum við handbókar- og vefgáttargerð.

Samkvæmt þeim niðurstöðum sem kynntar eru í þessari skýrslu þá sinntu heilbrigðiseftirlitssvæðin eftirliti með merkingum efnavara mismikið árið 2011. Reykjavík fór í langflestar eftirlitsferðir og heilbrigðiseftirlitið á Austurlandi er auk þess öflugt. Þrjú svæði fóru í enga eftirlitsferð að skoða merkingar efnavara, skv. gögnum í gagnabanka. Til að geta metið umfang eftirlits á hverju svæði fyrir sig þarf að taka saman hvernig fjöldi starfsleyfa, þar sem merkingar efnavara koma fyrir, dreifist eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum. Með slíkar upplýsingar til hliðsjónar er hægt að leggja mat á hvert umfang eftirlits með merkingum ætti að vera á hverju svæði. Umhverfisstofnun mun vinna slíka samantekt á þessu ári.

Á árinu 2011 voru merkingar á snyrtivörum og þvotta- og hreinsivörum oftast skoðaðar og er það í samræmi við að oftast var farið í eftirlit á hárgreiðslustofur og matvöruverslanir. Hér er um mikilvæga vöruflokka að ræða til að tryggja upplýsingaflæði og örugga notkun á heimilum.

Eins og getið er í inngangi er hér eingöngu um eftirlit með merkingum efnavara að ræða. Skyldur um eftirlit með efnavörum nær yfir mun stærra svið og þyrfti að vinna að áhættumati til að tryggja að þeim fjármunum sem veitt er í eftirlitið séu notaðir þar sem mesta hættan er til staðar.

Vefgátt fyrir efnavörueftirlit er nýtt verkfæri við samræmingu eftirlits sem Umhverfisstofnun mun halda áfram að nýta. Hægt er að draga fram mikilvægar upplýsingar úr vefgáttinni eins og fram kemur í þessari skýrslu. Nú er fyrsta notkunarárinu lokið og þakkar Umhverfisstofnun þeim heilbrigðiseftirlitssvæðum sem hafa fyllt inn í vefgáttina, fyrir gott samstarf. Á sama tíma hvetur stofnunin þau svæði sem ekki tóku þátt árið 2011 að gera svo á þessu ári.

Umhverfisstofnun, febrúar 2012
Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir